

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2009/EES/22/01		Dómur dómstólsins frá 29. október 2008 í máli E-2/08, Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu	1
2009/EES/22/02		Dómur dómstólsins frá 29. október 2008 í máli E-3/08, Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu	2
2009/EES/22/03		Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur Furstadæminu Liechtenstein sem lögð var fram 1. apríl 2009 (mál E-3/09).	3
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2009/EES/22/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5392 – Grupa Polsat/Thomson Technicolor Polska/PRN) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2009/EES/22/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5417 – Mubadala/General Electric/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2009/EES/22/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5431 – ADM/Schokinag).	6
2009/EES/22/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5484 – SGL Carbon/Brembo/BCBS/JV)	7

2009/EES/22/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5498 – SD/JTIA/MIBRAG) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . .	8
2009/EES/22/07	Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5454 – DSV/Vesterhavet/DFDS)	9
2009/EES/22/10	Ríkisaðstoð – Ítalía – Málsnúmer C 8/09 (áður N 357/08) Fri-El Acerra S.r.l. – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans.	10
2009/EES/22/11	Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til ákvæða 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Leitarsvæði F12	10
2009/EES/22/12	Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til ákvæða 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Leitarsvæði F15bc	11
2009/EES/22/13	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/16/EB frá 29. júní 1995 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna varðandi lyftur	12

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

DÓMSTÓLLINN

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2009/EES/22/01

frá 29. október 2008

í máli E-2/08

Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu

(Vanefndir samningsaðila á skuldbindingum sínum – tilskipun 2004/26/EB sem varðar aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum)

Hinn 29. október 2008 felldi dómstóllinn dóm í máli E-2/08, Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu – Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki, ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku gerðarinnar sem um getur í lið 1a í XXIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn, þ.e. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/26/EB frá 21. apríl 2004 um breytingu á tilskipun 97/68/EB, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, innan tilskilins tíma, hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 3. gr. þeirrar gerðar og 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti, Henrik Bull (framsögumaður) og Þorgeir Örlygsson. Dómsorðin eru svofelld:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að með því setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku gerðarinnar sem um getur í lið 1a í XXIV. kafla II. viðauka við EES-samninginn, þ.e. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/26/EB frá 21. apríl 2004 um breytingu á tilskipun 97/68/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða aðgerðir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, hefur íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 3. gr. þeirrar gerðar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Íslenska ríkið greiði málskostnað.

DÓMUR DÓMSTÓLSINS**2009/EES/22/02****frá 29. október 2008****í máli E-3/08****Eftirlitsstofnun EFTA gegn íslenska ríkinu**

(Vanefndir samningsaðila á skuldbindingum sínum – reglugerð (EB) nr. 648/2004 um þvotta- og hreinsiefni)

Hinn 29. október 2008 felldi dómstóllinn dóm í máli E-3/08, Eftirlitsstofnun EFTA gegn stjórnvöldum á Íslandi – Krafa þess efnis að dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki ákvæði sem eru nauðsynleg til þess að leiða gerðina sem um getur í lið 12u í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn, þ.e. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. maí 2004 um þvotta- og hreinsiefni, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, í landslög innan tilskilins tíma hafi íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins. Dóminn skipuðu dómaramir Carl Baudenbacher, forseti, Henrik Bull (framsögumaður) og Þorgeir Örlygsson. Dómsorðin eru svofelld:

1. Dómstóllinn lýsir yfir að með því setja ekki innan tilskilins tíma ákvæði sem eru nauðsynleg til þess að leiða gerðina sem um getur í lið 12u í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn, þ.e. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. maí 2004 um þvotta- og hreinsiefni, með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, í landslög, hefur íslenska ríkið vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 7. gr. EES-samningsins.
2. Íslenska ríkið greiði málskostnað.

Kæra Eftirlitsstofnunar EFTA á hendur Furstadæminu Liechtenstein sem lögð var fram 1. apríl 2009

2009/EES/22/03

(Mál E-3/09)

Hinn 1. apríl 2009 lagði Eftirlitsstofnun EFTA fram fyrir EFTA-dómstólnum kæru gegn Furstadæminu Liechtenstein; í fyrirsvari eru Bjørnar Alterskjær og Ólafur Jóhannes Einarsson, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Bruxelles/Brussel.

Kröfur Eftirlitsstofnunar EFTA eru sem hér segir:

1. Dómstóllinn lýsi yfir að með því að setja ekki, eða tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA ekki, ákvæði sem eru nauðsynleg vegna lögtöku gerðarinnar sem um getur, meðal annars, í lið 7b í IX. viðauka við samninginn um evrópska efnahagssvæðið (*tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/68/EB frá 16. nóvember 2005 um endurtryggingu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE og 92/49/EBE, svo og tilskipunum 98/78/EB og 2002/83/EB*), með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn, innan tilskilins tíma, hafi Furstadæmið Liechtenstein vanefnt skuldbindingar sínar samkvæmt 1. mgr. 64. gr. þeirrar gerðar og 7. gr. EES-samningsins.
2. Dómstóllinn geri Furstadæminu Liechtenstein að greiða málskostnað.

Lagagrundvöllur, málsatvik og lagarök til stuðnings kærinni:

- Málið, sem hér liggur fyrir, varðar tilskipun um endurtryggingar sem hefur ekki verið lögtekin.
- Eftirlitsstofnun EFTA telur að stjórnvöld í Liechtenstein hafi ekki lagt fram nein gögn sem sýni að tilskipunin hafi verið lögtekin í Liechtenstein.
- Eftirlitsstofnun EFTA telur að stjórnvöld í Liechtenstein hafi ekki andmælt því að tilskipunin hafi ekki verið lögtekin.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2009/EES/22/04

(Mál COMP/M.5392 – Grupa Polsat/Thomson Technicolor Polska/PRN)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. apríl 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem kypverska fyrirtækið Bithell Holdings Limited („Bithell“), sem tilheyrir hinu pólska Grupa Polsat, og pólska fyrirtækið Thomson Technicolor Polska Sp. z o.o., sem tilheyrir hinu franska Thomson Group, öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í pólska fyrirtækinu PRN Polska Sp. z o.o. („PRN“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Grupa Polsat: samsteypa sem hefur með höndum margvíslega fjölmiðlunar- og fjarskiptastarfsemi og starfar aðallega í Póllandi
 - Thomson Technicolor Polska: pólskt dótturfélag Thomson, fransks fyrirtækis sem selur tæknibúnað og þjónustu til framleiðslu, dreifingar og útsendingar á fjölmiðlaefni; Thomson Technicolor Polska hefur með höndum framleiðslu á DVD-diskum úr plasti, fjölföldun hljóð- og myndrita, uppsetningu tæknibúnaðar og verslun
 - PRN: fyrirtæki sem starfar á sviði stafræns auglýsingabúnaðar í Póllandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 97, 28. apríl 2009). Þær má senda með símbreffi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5392 – Grupa Polsat/Thomson Technicolor Polska/PRN, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5417 – Mubadala/General Electric/JV)

2009/EES/22/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. apríl 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið General Electric Company („GE“) og fyrirtækið Mubadala Development Company PJSC („Mubadala“), sem er skráð í Abu Dhabi, Sameinuðu arabísku furstadæmunum, öðlast með hlutfjárkaupum í sameiningu yfirlát, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki sem er sjálfstæð efnahagseining.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - GE: fjölpætt starfsemi á sviði tæknibúnaðar og þjónustu
 - Mubadala: beinar meirihlutfjárfestingar
 - Sameiginlega fyrirtækið: fjármálaþjónusta um allan heim ásamt útgáfu, kaupum og umsýslu fjármálagerninga
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 99, 30. apríl 2009). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5417 – Mubadala/General Electric/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5431 – ADM/Schokinag)

2009/EES/22/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. apríl 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Archer Daniels Midland Company („ADM“) öðlast með hlutfjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í þýsku fyrirtækjunum Hermann GmbH, Schokinag-Schokolade-Industrie Herrmann GmbH & Co. KG og Ammon & Hermann GmbH & Co. KG (einu nafni „Schokinag“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ADM: kaup, flutningur, geymsla, úrvinnsla og sala á óunnum og unnum landbúnaðarvörum, m.a. olfuríku fræi, maís, hveiti og kókó
 - Schokinag: framleiðsla, sala og dreifing á hálfunnum kókó- og súkklaðsvörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 95, 24. apríl 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5431 – ADM/Schokinag, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5484 – SGL Carbon/Brembo/BCBS/JV)

2009/EES/22/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. apríl 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið SGL Carbon SE og ítalska fyrirtækið Brembo SpA, sem lýtur yfirláðum hins ítalska Nuova Fourb Srl, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirláð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í ítalska fyrirtækinu Brembo Ceramic Brake Systems SpA.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SGL Carbon SE: framleiðsla á vörum úr kolefnissamböndum
 - Brembo SpA: framleiðsla á hemlabúnaði í bifreiðar, vélhjól, atvinnuökutæki og kappakstursbifreiðar
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 96, 25. apríl 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5484 – SGL Carbon/Brembo/BCBS/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5498 – SD/JTIA/MIBRAG)

2009/EES/22/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. apríl 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem tékknesku fyrirtækin Severoceské doly a.s. („SD“), sem lýtur yfirráðum hins tékkneska Čez a.s. („CEZ“), og J&T Investment Advisors s.r.o. („JTIA“), fyrir tilstuðlan sérstaks fjárfestingarfélags, Blitz F09-acht GmbH, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, í hollenska fyrirtækinu MIBRAG BV og hinu þýska dótturfélagi þess, Mitteldeutsche Braunkohlengesellschaft mbH, (einu nafni „MIBRAG-samsteypan“) sem lúta nú yfirráðum bandarísku fyrirtækjanna NRG Energy Inc. og URS Corporation í sameiningu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SD: brúnkolanám í Tékklandi
 - CEZ: ýmis starfsemi á sviði orku, m.a. framleiðsla, dreifing og sala á raforku og húshaitun í Tékklandi og raforkuviðskipti og rekstur orkuvera í ýmsum öðrum Evrópulöndum
 - JTIA: fjárfestingaráðgjöf á ýmsum stöðum, aðallega í Tékklandi og Slóvakíu
 - MIBRAG-samsteypan: brúnkolanám í Þýskalandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 98, 29. apríl 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5498 – SD/JTIA/MIBRAG, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Ný tilkynning um áður tilkynnta samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.5454 – DSV/Vesterhavet/DFDS)**

2009/EES/22/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. janúar 2009 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem dönsku fyrirtækin Vesterhavet A/S og DSV A/S öðlast með afhendingu hlutafjár í sameiningu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. fyrirnefndrar reglugerðar, í danska fyrirtækinu DFDS A/S.
2. Ofangreind tilkynning var lýst ófullnægjandi hinn 20. febrúar 2009. Hlutaðeigandi fyrirtæki hafa nú lagt fram það sem á vantaði af upplýsingum. Tilkynningin varð fullnægjandi, í skilningi 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 139/2004, hinn 20. apríl 2009.
3. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 99, 30. apríl 2009). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01 og +32 (0)22 96 72 44) eða í pósti, með tilvisuninni COMP/M.5454 – DSV/Vesterhavet/DFDS, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29. I. 2004, bls. 1.

Ríkisaðstoð – Ítalía

2009/EES/22/10

Málsnúmer C 8/09 (áður N 357/08) Fri-El Acerra S.r.l.

Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans í tengslum við ofangreinda ríkisaðstoð, sjá [Stjtið. ESB C 95, 24.4.2009](#).

Framkvæmdastjórnin birtir þessa auglýsingu til þess að gefa EES-ríkjunum og öðrum áhugaaðilum færi á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdafrestur er einn mánuður frá því að auglýsingin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og skal senda athugasemdirnar til:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Greffe
B-1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE

Bréfasími +32 (0)22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Ítalíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

**Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til ákvæða 2009/EES/22/11
2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir
veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Leitarsvæði F12**

Efnahagsráðherra gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæði F12, sbr. kortið sem birt er í 3. viðauka við námareglugerð („Mijnbouwregeling“) (sjá *Staatscourant* (hollenska lögbirtingablaðið) nr. 245, 2002).

Með vísan til ofangreindrar tilskipunar og 15. gr. námalaga („Mijnbouwwet“) (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002) auglýsir efnahagsráðherra eftir samkeppnisumsóknum áhugaaðila um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæði F12 á hollenska landgrunninu.

Úthlutun leyfa er í höndum efnahagsráðherra. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, koma fram í námalögum („Mijnbouwwet“) (sjá *Staatsblad* nr. 542, 2002).

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 84, 8.4.2009) og ber að senda þær efnahagsráðherra:

The Minister for Economic Affairs
For the attention of J.C. De Groot, Director for the Energy Market
ALP/562
Postbus 20101
2500 EJ Den Haag
NETHERLANDS

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar veitir hr. P.C. de Regt í síma +31 70 379 73 82.

**Orðsending frá efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til ákvæða 2009/EES/22/12
2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir
veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni – Leitarsvæði
F15bc**

Efnahagsráðherra gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæðisskikum F15b og F15c, sbr. kortið sem birt er í 3. viðauka við námareglugerð („Mijnbouwregeling“) (sjá *Staatscourant* (hollenska lögbirtingablaðið) nr. 245, 2002), sem vísað verður til undir heitinu F15bc.

Með tilvísun til ofangreindrar tilskipunar og 15. gr. námalaga („Mijnbouwwet“) (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002) auglýsir efnahagsráðherra eftir samkeppnisumsóknum áhugaaðila um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæðisskika F15bc á hollenska landgrunninu.

Um heildartexta auglýsingarinnar sjá [Stjtið. ESB C 84, 8.4.2009, bls. 11.](#)

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (C 84, 8.4.2009) og ber að senda þær efnahagsráðherra:

The Minister for Economic Affairs,
For the attention of J.C. De Groot, Director for the Energy Market,
ALP A/562
Postbus 20101,
2500 EC Den Haag
NETHERLAND

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en tólf mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar veitir hr. P.C. de Regt í síma +31 70 379 7382.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópu-
þingsins og ráðsins 95/16/EB frá 29. júní 1995 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna
varðandi lyftur**

2009/EES/22/13

(Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt tilskipuninni)

Evrópsk staðla- samtök (¹)	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Fyrst birt	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 81-1:1998 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – 1. hluti: Rafmagnslyftur	31.3.1999	–	
	EN 81-1:1998/A2:2004	6.8.2005	Athuga- semd 3	Liðinn (6.8.2005)
	EN 81-1:1998/A1:2005	2.8.2006	Athuga- semd 3	Liðinn (2.8.2006)
	EN 81-1:1998/AC:1999			
CEN	EN 81-2:1998 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – 2. hluti: Vökvalyftur	31.3.1999	–	
	EN 81-2:1998/A2:2004	6.8.2005	Athuga- semd 3	Liðinn (6.8.2005)
	EN 81-2:1998/A1:2005	2.8.2006	Athuga- semd 3	Liðinn (2.8.2006)
	EN 81-2:1998/AC:1999			
CEN	EN 81-28:2003 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Lyftur til fólks- og vöruflutninga – 28. hluti: Fjartengdir neyðarhnappar í farþegalyftum og farþega- og vöru lyftum	10.2.2004	–	
CEN	EN 81-58:2003 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Skoðun og prófanir – 58. hluti: Eldþolsprófanir á lyftuhurðum	10.2.2004	–	
CEN	EN 81-70:2003 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – 70. hluti: Sérstök notkun á farþegalyftum og farþega- og vöru lyftum – Aðgengi fólks, þ.m.t. fatlaðs fólks, að lyftum	6.8.2005	–	
	EN 81-70:2003/A1:2004	6.8.2005		
CEN	EN 81-71:2005 + A1:2005 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Sérstök notkun á farþegalyftum og farþega- og vöru lyftum – 71. hluti: Lyftur sem eru varðar gegn skemmdarverkum	11.10.2007	–	
	EN 81-71:2005+A1:2006	11.10.2007	Athuga- semd 3	Liðinn (11.10.2007)
CEN	EN 81-72:2003 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Sérstök notkun á farþegalyftum og farþega- og vöru lyftum – 72. hluti: Brunavarnarlyftur	10.2.2004	–	
CEN	EN 81-73:2005 Öryggisreglur um smíði og ísetningu á lyftum – Sérstök notkun á farþegalyftum og farþega- og vöru lyftum – 73. hluti: Hegðun lyfta ef til eldsvoða kemur	2.8.2006	–	

Evrópsk staðla-samtök ⁽¹⁾	Tilvísunarnúmer og heiti staðals (og tilvísunarskjal)	Fyrst birt	Tilvísunarnúmer staðalsins sem leystur er af hólmi	Síðasti dagur ætlaðs samræmis staðalsins sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 12016:2004+A1:2008 Rafsegulviðssamhæfi – Vöruhópsstaðall fyrir lyftur, rennistiga og færíbönd til fólksflutninga – Ónæmi EN 12016:2004/A1:2008	6.8.2008 Fyrsta birting	EN 12016:1998 Athuga- semd 3	Liðinn (30.6.2006) 28.12.2009
CEN	EN 12385-3:2004 Stálvírar – Öryggi – 3. hluti: Upplýsingar um notkun og viðhald EN 12385-3:2004+A1:2008	11.10.2007 Fyrsta birting	– Athuga- semd 3	28.12.2009
CEN	EN 12385-5:2002 Stálvírar – Öryggi – 5. hluti: Margþátta vírar í lyftur EN 12385-5:2002/AC:2005	6.8.2005	–	
CEN	EN 13015:2001 Viðhald á lyftum og rennistigum – Reglur um viðhaldsleiðbeiningar EN 13015:2001+A1:2008	10.2.2004 Fyrsta birting	– Athuga- semd 3	28.12.2009
CEN	EN 13411-7:2006 Augu í stálvíra – Öryggi – Hluti 7: Samhverf fleygtengi	13.12.2006	–	

⁽¹⁾ CEN: rue de Stassart/De Stassartstraat 36, B-1050 Bruxelles/Brussel, sími +32 (0)25 50 08 11, bréfasími +32 (0)25 50 08 19 (<http://www.cen.eu>)
CENELEC: rue de Stassart/De Stassartstraat 35, B-1050 Brussel, sími +32 (0)25 19 68 71, bréfasími +32 (0)25 19 69 19 (<http://www.cenelec.org>)
ETSI: 650, route des Lucioles, F-06921 Sophia Antipolis, sími +33 492 94 42 00, bréfasími +33 493 65 47 16 (<http://www.etsi.org>)

Athugasemd 1 Síðasti dagur ætlaðs samræmis er yfirleitt sami dagur og afturköllunardagurinn (*date of withdrawal* eða „*dow*“) sem evrópsku staðlasamtökin ákveða, en athygli notenda þessara staðla skal vakin á að sérstakar undantekningar geta verið frá þessu.

Athugasemd 3 Þegar breytingar eru gerðar er vísað til staðalsins með númerinu EN CCCCC:YYYY ásamt eldri breytingum, ef einhverjar eru, og nýju breytingunni. Staðallinn, sem leystur er af hólmi (3. dálkur), er því EN CCCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar. Tilgreindan dag hættir staðallinn, sem leystur er af hólmi, að gilda sem grundvöllur ætlaðs samræmis við grunnkröfur tilskipunarinnar.

Athugið:

- Upplýsingar um hvernig nálgast má staðlana fást hjá evrópsku staðlasamtökunum eða staðlastofnunum einstakra ríkja sem taldar eru upp í viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB ⁽¹⁾, með áorðnum breytingum skv. tilskipun 98/48/EB ⁽²⁾.
- Þótt tilvísunarnúmer staðla séu birt hér merkir það ekki að þeir séu til á öllum tungumálum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Þessi skrá kemur í stað annarra slíkra sem birst hafa í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna hefur uppfærslu hennar með höndum.

Nánari upplýsingar um samhæfða staðla er að finna á eftirfarandi vefslóð:

<http://ec.europa.eu/enterprise/newapproach/standardization/harmstds/>.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18.